

Mættir: Bryndís Gísladóttir - kennari, Elínborg Herbertsdóttir – kennari, Hrafnhildur Hilmarsson - fulltrúi grenndarsamfélagsins, Aníta Rós Sigurðardóttir - fulltrúi foreldra, Unnar Stefán Sigurðsson - skólastjóri, Sólrún Glóð Jónsdóttir – 10. bekk, Drífa Magnúsdóttir - 10. bekkur, Sigrún Huld Auðunsdóttir – aðstoðarskólastjóri. **Forfallaðir eru:** Karólína Óskarsdóttir – fulltrúi starfsmanna, Erla Hafsteinsdóttir - fulltrúi foreldra

Á dagskrá:

Kynning á meðlimum ráðsins

- Meðlimir kynna sig.

Starfsstöðvar skólans:

- Erum eins og staðan er núna á fimm starfsstöðum. 7.-10. Bekkur er í Keili. 5.-6. bekkur er í Hljómahöll. Eikin er í íþróttahúsi en verður flutt í Holtaskóla í dag, voru gerðar mælingar í síðustu viku þar sem komu vel út. 4. bekkur er í kálfunum bakvið Holtaskóla og 1.-3. bekkur er í kálfum á malarvellingum. 4. bekkur borðar í íþróttahúsinu, 1.-3. bekkur borðar í stofum á malarvelli. Frístund er enn í íþróttahúsinu.
- Stefnt er að því að 1.-6. bekkur verði saman á Holtaskólasvæðinu. Þetta er í skoðun og á eftir að meta hvað hentar best.
- Búið er að samþykkja allar teikningar fyrir Holtaskóla. Skólinn er fokheldur. Verið að meta hvaða áfanga verður byrjað á, sú ákvörðun verður tekin í samráði við skólasamfélagið.
- List- og verkgreinar eru kenndar á annan hátt en hefandið er í 3.-8. bekk. Aðrar áherslur í 9.-10. bekk.

Farið yfir starfsáætlun Holtaskóla 2023-2024

- Breytingar á skiptingu deildarstjóra. Pétur er með 7.-10. bekk og Stefanía með 1.-6. bekk.
- Starfslýsingum stjórnenda var breytt í takt við ný verkefni.
- Breytingar á bókasafni skólans, en það verður ekki starfrækt næstu árin. Öllum bókum bókasafnsins var hent. Eru til einhverjar nýjar bækur sem hafa aldrei farið inn í Holtaskóla sem verða settar í hillur fyrir nemendur til að nálgast. Samstarf við Bókasafn Reykjanesbæjar.
- Verður verkefni næstu árin að byggja upp kost skólans þar sem öllu var hent.
- Starfsáætlunin telst samþykkt.

Farið yfir helstu áherslur skólaársins

- Erum með starfsmann í 70% hlutfalli til að vinna með nemendum sem sýna einkenni skólaforðunar. Markmiðið er að grípa nemendur áður en þau eru komin á þann stað

að vera með skólaforðun. Fyrirspurn hvort viðkomandi geti verið með fyrirlestur fyrir foreldra um þetta málefni.

- Stór munur eftir að svæðið á malarvellinum var tekið í gagnið. Faglegri kennsla, auðveldara aðgengi að sérkennslu fyrir nemendur. Afgirt leiksvæði fyrir utan.

Önnur mál:

- Nemendaráð þarf stað til þess að halda viðburði. Hægt að nota t.d. Keili og íþróttahúsið. Nemendur hvattir til að hafa samband við stjórnendur ef það vantar húsnæði fyrir viðburði.
- Verið að skoða peysusölu fyrir nemendur. Væri gaman að vera með þetta á hverju ári.
- Myndataka fyrir skólabók verður í næstu viku.
- Tækja-/símareglur fyrir hvern skóla fyrir sig. Reglur voru hertar í fyrra og bætt við skráningu í mentor sem heitir símabrot. Hefur breyst mikið á jákvæðan máta. Voru keypt taflborð og spil til að nota í frímínútum og er það mikið notað af nemendum. Að sögn nemenda er misjafnt hvað kennarar leyfa varðandi síma í kennslustundum. Nemendur eru ekki hlyntir símalausum skóla. Segja nemendur ekki hanga mikið í símum í frímínútum og tala meira saman.
- Fundurinn endar á að fundargestir fara og skoða aðstæður á malarvellinum.

Fundarritari: Sigrún Huld Auðunsdóttir

Fundur hófst: kl. 08:30

Fundi slitið: kl. 09:15